

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Jólagjafasjóð Guðmundar Andréssonar gullsmiðs.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt ákvæði í erfðaskrá Guðmundar Andréssonar gullsmiðs, dags. 11. október 1968, en hann andaðist 11. nóvember 1968.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til þeirra verkefna, sem stofnað er til í því augnamiði að bæta umönnun barna og aldraðra, sem langtímum dvelja á stofnunum hér á landi, svo sem:

- a. styrkja samtök eða stofnanir, sem annast aðhlynningu barna og aldraðra.
 - b. veita námsstyrki til heilbrigðisstétta er gegna þessu hlutverki.
 - c. veita rannsóknastyrki til viðfangsefna, sem þjóna þessum tilgangi.
- Styrkina skal að jafnaði veita í desember ár hvert.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera undir forsjá Landlæknisembættisins og annast það fjárvörslu hans og reikningshald. Ríkisendurskoðun skal hafa eftirlit með sjóðnum og árlega endurskoða reikninga hans.

4. gr.

Með úthlutun úr sjóðnum fer 3ja manna úthlutunarnefnd. Skal hún skipuð landlækni, biskupinum yfir Íslandi eða fulltrúa er hann tilnefnið og manni kjörnum af stórstúku IOOF á Íslandi.

5. gr.

Eignir sjóðsins skulu seldar og skal við söluna fylgt fyrirmælum í 7. lið erfðaskrárinnar.

6. gr.

Við vörslu sjóðsins skal þess jafnan gætt svo sem unnt er að eignir hans rýrni ekki að verðgildi. Skal úthlutunarnefnd miða fjárveitingar úr sjóðnum við það að verðgildi hans rýrni ekki.

7. gr.

Úthlutunarnefnd skal halda gerðabók um störf sín og úthlutanir úr sjóðnum.

8. gr.

Með skipulagsskrá þessari er felld úr gildi skipulagsskrá fyrir Jólagjafasjóð Guðmundar Andréssonar gullsmiðs nr. 158 frá 29. júní 1970.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. janúar 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.